

Vísindin, víðsýnin og veiran. Byram W Bridle

„Staðreynd í stað skelfingar,” eru einkunnarorð hins óvenjulega ónæmis- og veirufræðings frá Kanada, Byram W. Bridle. Hann er prófessor í ónæmisfræði við háskólann í Guelph.

Byram hefur, ásamt tveim starfsbræðrum sínum, stutt vörubílstjóranna í Kanada, forsætisráðherra sínum, Justin Trudeau, til mikillar mæðu. Sá mikli stjórnvitringur úr skóla Alheimsefnahagsráðsins (World Economic Forum), hefur látið hafa eftir sér:

„[A]ndmælendur [covid] bólusetninga, [eru] öfgamenn, sem trúa ekki á vísindin, sem oft og tíðum eru kvenhatarar, oft kynþáttahatarar. ... Eigum við umbera svona fólk.“ Stjórnarskrárbundin mannréttindi lætur hann sér í léttu rúm liggja: „[Þ]að má einu gilda, hvort vegið sé að rótum grundvallarréttinda. Við höldum ótrauð áfram með þær [bólusetningarnar].“

Byram, ásamt félögunum, Roger Hodgkinson og Paul Alexander, sem báðir eru ónæmis- og veirufræðingar, buðu Justin og þrem embættismönnum í heilbrigðisþjónustunni, sem borið hafa hitann og þungann af sóttvarnaraðgerðum í Kanada, til opinberrar umræðu um aðgerðirnar, og þá vísindalegu hugmyndafræði, sem að baki liggur. Þeir létu ekki sjá sig.

Byram sagði: „Við leggjum land undir fót til höfuðstaðar þjóðarinnar til að gefa til kynna ásetning okkar um að eiga virðingarvert spjall um vísindin og lækningafræðin, sem liggja covid-19 til grundvallar. ... Rök í þá veru, að okkur skuli meina um vettvang, sem gefi hugmyndum okkar gildi, eru nú hriplek. ... Kanadamenn vakna um þessar mundir til vitundar um þann auðsæja veruleika, að sitthvað sé bogið við ástandið í landinu og langt handan þess.

Það má einu gilda, hvaða skilningur er lagður í málefnið; ritskoðun og hefting virðingarverðrar, vísindalegrar umræðu er röng. Það er nauðsynlegur þáttur vísindanna að fræða alþýðu manna með gegnsæjum hætti.“

<https://viralimmunologist.substack.com/p/doctors-supporting-the-freedom-convoy>

<https://www.bitchute.com/video/clfdugP213LE/>